

Handpoint hlýtur Vaxtarsprotann



Fyrirtækið Handpoint ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2011 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Fyrirtækið meira en fjórfaldaði veltu sína milli árána 2009 og 2010 úr 66,7 m.kr í um 347 m.kr. Fyrirtækin

Marorka, Trackwell og Gogogic fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu afhenti starfsmönnum og stjórnarformanni Handpoint

Vaxtarsprotann 2011 að viðstöddum fulltrúum sprotafyrirtækja og stuðningsaðilum atvinnulífsins í Grasagarðinum Laugardal við hátíðlega athöfn. Sjá nánari umfjöllun á www.si.is.



Gillz í buxum frá Henson

Buxurnar sem Egill „Gillz“ Einarsson, klæðist á forsiðu nýrrar símaskrár hafa vakið nokkra athygli. Á þær eru síður úr símaskránni prentaðar og er smár textinn svo skýr að hann er vel læsilegur. Það er fyrirtækið Henson sem á heiðurinn af buxunum en Henson hefur undanfarin ár prentað á polyester efni sem síðan er sniðið og saumað í verksmiðju þeirra. Að sögn Halldórs Einarssonar nýtir fjöldi íslenskra félaga sér þessa frábæru tækni en notandi fatnaðarins finnur ekki fyrir prentuninni og hún máist ekki út eða fölnar þrátt fyrir ótal þvotta.

bls. 2



Déjà vu
2012

bls. 3



Verðbólgan
og
Seðlabankinn
áhyggjuefni

bls. 4



Trésmiðjan Rein
fyrst til að taka
upp gæðakerfi

bls. 5



Bakasýningin
í Kaupmanna-
höfn

bls. 7



Endurskoðun
IST 30

Déjà vu 2012?

Í maí 2009 var vor í lofti. Eftir efnahagshrun vetrarins gekk hún víst býsna vel rústabjörgunin, sem svo var nefnd. Endurreisnin var hafin og leiðin upp fremur greið. Svo leið ár. Aftur var vor í lofti. Rústabjörgunin hafði haldið áfram en reynst heldur tafsamari en ráð hafði verið fyrir gert. En nú var botninum náð og fátt gat hamlað endurreisn. Síðan hefur liðið enn eitt ár. Það er vorið 2011 og aska úr gosinu í Grímsvötnum er að hverfa úr lofti. Trú árstíðinni segja stjórnvöld okkur nú að senn ljúki rústabjörguninni og batinn muni þá blasa við.

En hvernig hefur þetta í raun gengið fram að þessu?

Ísland dregst aftur úr

Fjármálakreppa heimsins hóf innreið sína seinni hluta árs 2007. Hún náði fullum þunga eftir mitt ár 2008 og olli þar á eftir allsherjar niðursveiflu víða um heim. Áhrifunum var þó afar misskipt eftir löndum. Við Íslendingar höfðum með margvíslegum hætti komið okkur í þannig stöðu, að reiðiskjálfr fjármálakerfa heims hafði langtum dramatískari áhrif hér en víðast hvar. Nú vorið 2011 má bregða raunverulegu máli á framvindu liðinna ára og meta með reynslugögnum hvernig okkur hefur reitt af, t.d. í sam- anburði við önnur Norðurlönd og evru- svæðið (sjá mynd).

Á meðan önnur lönd fíkrúðu sig mark- visst upp á við héldum við okkar hætti, nýlega uppteknum, að rýra lífsgæði okkar í róleghheitum. Þriðji ársfjórðungur

ársins 2010 gaf von þótt veikburða væri um að einhvers konar botni væri náð. En árið endaði með miklum vonbrigðum. Við bætist að fátt má finna í raungögnum fyrstu mánaða ársins 2011, svo sem um útflutning, sem vekur vonir um þann hægfara bata sem væntingar hafa staðið til í ár.

Skattbyrðar og háir vextir

Kanski er skýringin á lánleysi okkar sú að við brugðum á það ráð að leggja ofurþungar skattbyrðar á efnahagslífið, einmitt þegar síst skyldi. Þar við bættust flóknar sífelldar vendingar hefðbundinna skatta, ásamt refilstigum allra nýju skattanna, þrepanna, vörugjaldanna og gjaldskrárhækkanna. Núverandi skattkerfi er orðið að slíkrí völundarsmið að halda mætti að skapari þess hefði verið sjö dögum til verksins, á Woodstock.

Við settum á sama tíma beinar og óbeinar hömlur á fjárfestingar, einmitt þegar slakinn í hagkerfinu og lágt raun- gengi voru skýrt ákall efnahagslífsins um fjárfestingu. Áhugasömum útlendingum hefur hreint ekki verið tekið fagnandi, hafi þeir sýnt áhuga á að taka þátt í íslenskum iðnaði. Við bætist bein opinber sveiflumögnun. Hið opinbera hefur lagst í framkvæmdahýði í kreppunni, þótt boðist hafi hagkvæm fjármögnun utan ríkis- reiknings til arðbærra framkvæmda. Mannvirkjageirinn á Íslandi er af þessum sökum nú innan við þriðjungur þess sem hann var þegar mest lét.

Raunvextir hafa verið hærri gegnum



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

alla kreppuna en var nokkurn tíma í upp- sveiflunni. Gjaldreyrishöftin, sem átti að vera búið að leggja af, eru enn rammgirt og ku eiga að standa að mestu um ára- bil. Lífeyrissjóðir landsins þurfa að finna farveg fyrir á annað hundrað milljarða á ári til að ávaxta lífeyri sjóðsfélaga, en eru læstir í ávöxtunarrýrum verkefnum, aðallega við að fjármagna ríkissjóð. Haldi svo áfram um nokkurt skeið er sú hætta raunveruleg, að lífeyrissjóðakerfi landsins breytist úr einu sterkasta uppsöfnun- kerfi heims með persónubundnum rétt- indum, í ósjálfbært fyrirbæri sem líkist fremur hefðbundnu opinberu gegnum- streymiskerfi. Þar við bætast skaðvæn- legar nýjar hugmyndir um að skattleggja íslenska lífeyrissjóði í fyrsta sinn í sög- unni.


Gróska í tækni- og hugverkaiðnaði

Ljósir punktar finnast þó. Hinn fjöl- breytti hugverka- og tækniidnaður hefur dafnað hratt. Hugvitssamar lausnir sem fyrirtæki okkar smíða á sterkum heima- velli eru traust sjálfbær uppspretta út- flutningstekna. Má nefna orku- og um- hverfisgreinar, hinn fjölbreytta sjávar- klasa og fyrirtæki í heilbrigðistækni. Lítilll jaðarkostnaður hlýst af hverri nýrri sölu og sókn á alþjóðlega markaði takmarkast ekki af auðlindanýtingu heima fyrir, þótt hún eigi oft uppruna sinn þar í. Gjald- eyrishöftin eru hins vegar þungt fótakefli fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri. Þá hefur skortur á tæknimenntuðu fólki á Íslandi og takmarkað námsframboð, einmitt í þeim námsgreinum sem atvinnulífið kall- ar eftir, beint hluta vaxtar þessara fyrir- tækja til útlanda. Samkeppnin um stað- setningu framsækinnra fyrirtækja eykst einnig sífellt. Þannig bjóða fjölmörg sveitarfélög í Kanada, Bandaríkjunum og Evrópu framsæknu íslensku fyrirtækj- unum gull og græna skóga ef þau færa starfsemi sína frá Íslandi og setja sig niður á viðkomandi stað. Ekki má mikið út af bregða til að við missum þannig fjölmörg vel launuð störf út landi.

Þar við bætist að íslenski sjávarklasinn, sem er einstakur á heimsvísu og telur hundruð fyrirtækja, hefur verið settur í hælagang af stjórnvöldum og honum nú

Þróun landsframleiðslu 2007-2011

vísitala 2007 = 100




innrætt skammtímahugsun. Hryggjarstykkið í klasanum, þ.e. sjávarútvegurinn sjálfur, hefur vegna yfirvofandi umblytingar greinarinnar haldið að sér höndum. Ekki er fjárfest nema nauðsynlega þurfi vegna bilana eða óhappa. Nær enginn leggur út í samstarfsverkefni eða þróun, sem duga eiga til langs tíma. Áhrifin verka eins og deyfilýf á þjónustufyrirtæki í málmsmíði og viðhaldi sem og hugverka- og útflutningsfyrirtækin sem þjónusta íslenska útgerð.

Raunverulegur bati?

Við hverju má þá búast vorið 2012? Augljóslega verður haldið upp á að rústabjörguninni sé þá að ljúka og hröð endurreisn sé innan seilingar. Ræðurnar eru tilbúnar nú þegar. En verður raunverulegur bati í kortunum eftir ár? Svárið er: Já, því má sannarlega koma í kring. En ótalmörg manna verk þessa dagana vinna þó gegn því að svárið reynist rétt. Nú er nýbúið að gera kjarasamninga til þriggja ára. Atvinnurekendur samþykktu þessa samninga með hálfum hug, enda eru þeir dýrir og framhlaðnir, byggðir á bjartsýni, sem sumir telja að jaðri við óskhyggju. Í þröngri stöðu var þó betra að hætta ekki á ófrið á vinnu-markaði. En blekkjum ekki sjálf okkur. Ef verðmætastöpunin gengur ekki eftir, eru þessir samningar ekki aðeins gagnslausir, heldur mun verri en engir. Þá eru þeir risastór bjarnargreiði við launafólk og alla Íslendinga. Engin innistæða er þá fyrir launahækkunum, sem munu bara þrýsta upp verðlagi, ýta fyrirtækjum í frekari uppsagnir og skapa stórhættu á að við festumst um langt skeið í víta-hring vaxtarlausrar verðbólgu. Hvora leiðina ætlum við að velja? Verða ræðurnar eftir ár loks byggðar á raunverulegum bata, eða sami brotlegi vorboðinn og fyrr?

Verðbólgan og Seðlabankinn áhyggjuefni

Þróun verðbólgu 2010-2011



Verðbólgan er á hraðri uppleið en í maí hækkaði vísitala neysluverðs um 0,94%. Verðbólgan mælist nú 3,4% á ársgrundvelli en var til samanburðar aðeins 1,9% í febrúar sl. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, segist hafa verulegar áhyggjur af þessari þróun en ekki síst af mögulegum viðbrögðum Seðlabankans enda þurfi hagkerfið síst á vaxtahækkunum að halda við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja. Þetta er nokkru meiri hækkun en flestir spáðu en talsverðar hækkningar voru klárlega í kortunum. „Því miður bendir ýmislegt til að þessi þróun muni halda áfram á næstu mánuðum. Nýir kjarasamningar leggjast á fullum þunga á atvinnulífið um þessar mundir og þróun verðbólguálags á skuldabréfamarkaði gefur væntingar um vaxandi verðbólgu skýrt til kynna“, segir Bjarni Már.

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 4,25% miðað við vexti á lánum gegn veði en 3,63% sé horft á skilgreiningu Seðlabankans sjálfs á virkum stýrivöxtum. „Miðað við verðbólguna núna eru raunstýrivextir mjög lágir um þessar mundir. Í ljósi yfirlýsinga bankans má leiða að því líkur að bankinn fari að huga að vaxtahækkun jafnvel þótt slakinn í hagkerfinu sé enn afar mikill. Ég tel að það væri afar slæm þróun. Við þurfum að nýta önnur hagstjórnartæki til að vinna okkur út úr þessum vanda. Í því samhengi skiptir mestu að fá almenna eftirspurn í gang og greiða götu stórfjárfestinga. Það getur skotið stöðum undir eftirspurnina og stutt við gengi krónunnar og þar með unnið gegn verðbólgu“, segir Bjarni.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Fyrsta fyrirtækið sem tekur upp nýtt gæðakerfi



Stefán Óskarsson og Sigmar Guðmundsson

Trésmiðjan Rein er fyrsta fyrirtækið sem gerir samning við SI um innleiðingu gæðastjórnunar ásamt uppbyggingu og miðlægri vistun gæðakerfa í mánaðalegri áskrift. Samtökin gerðu á sínum tíma drög eða sýnishorn af gæðakerfi sem félagsmönnum hefur staðið til boða að laga að eigin rekstri. Kerfið hefur í tímans rás þróast yfir í vefræna útfærslu sem félagsmönnum stendur nú til boða.

Sigmar Guðmundsson, framkvæmdastjóri segir aðgang að gæðakerfi SI spara ómælda vinnu við þróun og uppsetningu gæðastjórnunar innan fyrirtækisins. „Fyrirtækið er að stækka og eflast og kröfur viðskiptavina að aukast. Það kallar á markvissari stjórnun. Það er von okkar að innleiðing á gæðakerfi SI muni hámarka afköst starfsmanna, auka nýtni og bæta þjónustuna.“


Saga Trésmiðjunnar Rein ehf. nær aftur til ársins 1962 þegar Stefán Óskarsson húsasmíðameistari tók að sér sitt fyrsta verk sem sjálfstæður verktaki. Stefán og kona hans Aðalbjörg Gunnlaugsdóttir áttu allt hlutfé til ársins 1998 þegar sonur þeirra Sigmar eignast hlut í félaginu en hann á nú helming á móti foreldrum sínum.

Að sögn Sigmars er verkefnastaðan góð næstu mánuðina og ýmis verkefni á

döfinni. „Í byrjun árs 2009 þegar bölmóður og svartsýni voru orðin allsráðandi í þjóðfélaginu ákváðum við að berjast á móti straumnum og leita að nýjum viðskiptatækifærum.“

Þá kom sú hugmynd upp að að byggja færanleg hús í einingum og leigja út. Nú eru tvær eignir í leigu, 250 m² þjónustuhús við Dimmuborgir í Mývatnssveit og 110 m² leikskóli á Húsavík en fleiri verkefni eru í skoðun“.

Fyrirtækið tekur að sér verkefni af ýmsum stærðum og gerðum enda vel tækjum búíð. Fjöldi starfsmanna hefur verið mismunandi eftir verkefnastöðu og atvinnuástandi hverju sinni en síðustu ár hefur starfsmönnum fjölgað og nú eru 18 manns á launaskrá. Þar af eru 11 iðnmenntaðir, tveir nemar, ásamt vélamönnum og sérþjálfuðum verkamönnum. Á síðustu sex árum hafa útskrifast sex nemar og starfa fjórir þeirra við fyrirtækið.



Fyrirkomulag skólamáltíða á Norðurlöndum

Skýrsla um fyrirkomulag skólamáltíða á Norðurlöndum er komin út. Skýrslan er afrakstur verkefnis sem unnið var í samstarfi rannsóknastofnana og iðnaðar á öllum Norðurlöndum undir stjórn Samtaka iðnaðarins og gekk undir nafninu Nordic Network NTP – Healthy Choices. Verkefnið var stutt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni, NICE. Aðrir íslenskir þátttakendur voru Rannsóknarþjónustan Sýni og Matís. Auk þeirra þátttakenda stóðu að verkefninu svokallaðir þróunarvettvangar á sviði matvæla en í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir starfsemi þeirra.

Í skýrslunni er ítarleg samantekt um framboð og fyrirkomulag máltíða í skólum á Norðurlöndum. Lagt var mat á helstu kosti og galla núverandi kerfa, þekkingu og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar við framleiðslu skólamáltíða og gerðar tillögur um úrbætur.

Niðurstaða verkefnisins er að fjölmargir þættir hafa áhrif á það hvort börnin borða matinn í skólanum og mikilvægt að þeir vinni saman að því markmiði að öll börn fái þá næringu sem þau þurfa í skólanum. Í skýrslunni eru ábendingar til sveitarfélaga, skólastjórnenda, matvælaíðnaðar, eldhúsa, foreldra og lýðheilsuyfirvalda um hvernig standa má að málum til að ná sem bestum árangri. Nánari upplýsingar um verkefnið gefur Ragnheiður Héðinsdóttir.



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

Samtök iðnaðarins - www.si.is



Kjarasamningar til þriggja ára

Samtök atvinnulífsins skrifuðu í byrjun maí undir nýja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði til þriggja ára við Alþýðusamband Íslands og landssambönd þess. Samningarnir fela í sér umtalsverðar launahækkanir, mun meiri en í samkeppnislöndum Íslands. Laun hækka mest á fyrsta ári samninganna en þeir byggja á þeirri sýn að hagur fólks og fyrirtækja batni með aukinni verðmætasköpun í atvinnulífinu og atvinnuleysi minnki. Án uppsveiflu í atvinnulífinu eru samningarnir hins vegar ávísun á verðbólgu og aukid atvinnuleysi. Aðildarfyrirtæki SA munu kjósa um gildistöku samninganna í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Heildarlaunakostnaður atvinnulífsins vegna samninganna mun aukast um 13% í heildina á samningstímanum sem er til 31. janúar 2014. Launakostnaður



fyrirtækja í ákveðnum greinum hækka meira. Almenn laun hækka um 4,25% þann 1. júní nk., 3,5% 1. febrúar 2012 og 3,25% 1. febrúar 2013.

Atvinnuþryggingagjald

Atvinnuþryggingagjald mun lækka 2012. Ef áætlanir um minna atvinnuleysi ganga eftir lækka gjaldið frá næstu áramótum og aftur í ársbyrjun 2013. Tryggingagjaldið í heild gæti lækkað um tæpt 1% um næstu áramót og um 0,3% til viðbótar 2013.

Lágmarkstekjutrygging

Lágmarkstekjutrygging fyrir fulla dagvinnu hækka úr 165 þúsund krónum í 182 þúsund krónur á mánuði við gildistöku samninganna. Hún hækka í 193 þúsund krónur þann 1. febrúar 2012 og 204 þúsund 1. febrúar 2013. Hækkunin nemur 23,6% á samningstímanum.

Eingreiðsla til launþega


Greidd verður 50 þúsund króna eingreiðsla til launþega í upphafi samningstímans miðað við fullt starf síðastliðna mánuði. Greitt verður tímabundið álag árið 2011 á orlofs- og desemberuppbót samtals kr. 25 þúsund.

Í tengslum við gerð samninganna hefur ríkisstjórnin skuldbundið sig til leggja grunn að varanlegum hagvexti og auknum framkvæmdum í hagkerfinu þannig að þær verði um 350 milljarðar króna árið 2013. Að auki fylgja yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar tvær bókanir, önnur um málsmeðferð í sjávarútvegs-málum og hin um framkvæmd yfirlýsingarinnar.

Í kjarasamningunum er forsendu-ákvæði um að kaupmáttur aukist, verðlag haldist stöðugt, gengi krónunnar styrkist marktækt og að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Forsendur verða metnar í janúar ár hvert.



Brjóstabollan LABAK og styrktarfélagið Göngum saman



Dagana 5. – 8. maí efndi Landssamband bakarameistara til sölu á Brjóstabollunni í bakaríum félagsmanna um land allt, til stuðnings styrktarfélaginu Göngum saman. Göngum saman styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini og úthlutar myndarlegum styrkjum í október ár hvert. Félagið leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar til bættrar heilsu og til eflingar styrktarsjóðs félagsins. Verkefnið tókst afar vel og féll í góðan jarðveg hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum en alls safnaðist rúmlega ein milljón króna með sölu bollunnar.

Af sama tilefni efndi félagið Göngum saman til fjölskyldugöngu í Laugardalnum í Reykjavík og víðar á landinu á mæðradaginn 8. maí. Vonast er til að sala á brjóstabollunni verði árviss viðburður á mæðradaginn.

Nám úr Stóriðjuskólanum metið sem hálf stúdentspróf

Útskrift nemenda úr grunnnámi Stóriðjuskóla álversins í Straumsvík fór fram í sextánda sinn 16. maí.

Að þessu sinni útskrifuðust ellefu nemendur og hafa þá alls 206 nemendur lokið grunnnámi og hlotið titilinn „stóriðjugreini“ frá stofnun skólans árið 1998.

Upplýst var við athöfnina að menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta grunn- og framhaldsnám skólans til allt að 78 eininga á framhaldsskólastigi, eða sem samsvarar rúmlega hálfu stúdentsprófi, sem er 140 einingar. Þar af er grunnnám Stóriðjuskólans nú metið til allt að 34 eininga og framhaldsnámið til allt að 44 eininga.

Fram til þessa hefur grunnnámið verið metið til 24 eininga. Forsendan fyrir endurmatinu er að komin er út námskrá fyrir starfsfólk í stóriðju, sem ISAL vann í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, sagði að þetta væri í senn dýrmæt viðurkenning fyrir skólann og mikilvæg lyftistöng fyrir þá starfsmenn sem hefðu hug á að sækja sér aukna menntun. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, flutti ávarp við athöfnina

og sagði stofnun Stóriðjuskólans sýna metnað fyrirtækisins. Álverið í Straumsvík væri dæmi um vel rekið fyrirtæki og að þjálfun og þekking starfsmanna væri lykillinn að því að viðhalda þeim árangri sem hefur náðst.

Fundaröð um orkumál

Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík og Samál stóðu fyrir röð funda um orkumál í maí. Fundirnir voru haldnir á föstudagsmorgnum í Háskólanum í Reykjavík.

Ný tækifæri í orkuöflun

Á fyrsta fundinum var fjallað um nýjar leiðir í orkuframleiðslu og hugsanlega framleiðslugetu í raforku og sjónum m.a. beint að djúpborunum, vindorku og sjávarföllum. Einnig var horft til betri nýtingar í kerfinu og hvernig megi fara betur með það sem fyrir er.

Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar hjá Landsneti fjallaði um flutningsgetu raforkukerfisins og hvernig megi bæta nýtingu orku sem fer inná kerfið með góðum stýringum. Ing-

ólfur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og lektor við tækni- og verkfræðideild HR sagði frá tækni sem er í þróun og á fyrstu reynslustigum. Úlfar Linnet, deildarstjóri rannsóknadeildar hjá Landsvirkjun tekur þátt í norrænu verkefni sem vinnur að gerð vindatlas. Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri djúpborunarverkefnisins á Kröflusvæði sem hefur tekið þátt í djúpborunarverkefninu frá upphafi greindi frá framgangi þess en nú eru komin um 11 ár frá því verkefnið var fyrst kynnt.

Þjóðhagsleg áhrif orkunýtingar

Annar fundur var helgaður umræðu um þjóðhagsleg áhrif orkunýtingar. Fluttu voru þrjú erindi, Dr. Helga Kristjánsdóttir, hagfræðingur fjallaði um flæði beinnar

erlendar fjárfestingar á orkufrekan iðnað á Íslandi, Þórður Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingasviðs Íslandsstofu fjallaði um orkutengd verkefni til atvinnuuppbyggingar og Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls um þjóðhagslegan ávinning orkutengds iðnaðar.

Orka í samgöngum

Þriðji fundurinn fjallaði um orku í samgöngum. Mikil gróska er í þróun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir samgöngur. Verkefnið er flókið, breyta þarf ökutækjum, framleiða nýja tegund orkugjafa og endurskipuleggja innviði og dreifingarleidir. Samstarf margra aðila er því nauðsynlegt.

Gestafyrirlesari var Philip Metcalfe, ráðgjafi á sviði endurnýjanlegrar orku. Philip Metcalfe er rafmagnsverkfræðingur og starfar sem ráðgjafi með áherslu á fjárfestingar í endurnýjanlegri orku. Hann hefur m.a. starfað í verkefnum um lífdísel, vindmyllur og kolefnisviðskipti.

Auk hans fluttu erindi Guðrún Sævarsdóttir, lektor við Tækni- og verkfræðideild HR og Sverrir Viðar Hauksson, formaður verkefnisstjórnar Grænu orkunnar. Erindi Guðrúnar snerist um orkulausnir í samgöngum og Sverrir fjallaði um Grænu orkuna sem er vettvangur stefnumótunar í orkuskiptum.



Eitt af fimm áhugaverðustu umhverfistæknifyrirtækjum heims

Ráðgjafa- og greiningafyrirtæki

Gartner gaf nýverið út skýrslu yfir 300 áhugaverðustu sprotafyrirtæki heims. Skýrslan ber heitið "Cool Vendors 2011" og skiptist í fjölmarga flokka en íslenska sprotafyrirtækið GreenQloud var valið eitt af 5 fyrirtækjum í flokki umhverfistæknifyrirtækja. "Cool Vendor" er hugtak Gartner yfir lítil fyrirtæki sem þykja skara framúr í virðisaukandi þjónustu í sínum geira og eru frumkvöðlar í tækni með ferska framtíðarsýn. Fyrirtæki sem valin eru í þennan flokk hafa oftan en ekki orðið að stórum fyrirtækjum eða verið keypt upp af stærri aðilum.

Umhverfisvænt tölvuský

GreenQloud vinnur að því að opna umhverfisvænasta tölvuský heimsins hér á Íslandi.

„Að hljóta viðurkenningu frá fyrirtæki eins og Gartner sem er leiðandi í rannsóknnum og ráðgjöf í upplýsingatækni er mikill heiður fyrir lítið sprotafyrirtæki á Íslandi með stórar hugmyndir“ segir Eiríkur Sveinn Hrafnsson, framkvæmdastjóri GreenQloud, "við munum opna tölvuský okkar fyrir viðskiptavinum á næstu vikum en líklega verða færri sem komast að en vilja fyrsta um sinn þar sem um BETA prófun eða reynsluöppun er að ræða og á annað þúsund viðskiptavinir hafa þegar skráð sig til þátttöku. Sú stefna sem við höfum sett okkur að fylgja varðandi ábyrgð okkar í umhverfismálum og losun koltvísýrings fellur greinilega í góðan jarðveg bæði erlendis og hér heima, þessi viðurkenning staðfestir það."

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
5. tbl. 17. árg. Maí 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 30.5.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, Elli Cassata á forsiðu, Eggert Jóhannesson bls. 6
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Umbrót: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í sílkum tilvikum.

Matarsmiðja opnuð á Flúðum



Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, opnaði Matarsmiðjuna formlega, að viðstöddu fjölmenni, með því að klippa á borða ásamt Vilberg Traustasyni stöðvarstjóra frá Matís, Ragnari Magnússyni oddvita Hrunamannahrepps og Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur, aðstoðarmanni ráðherra.

Nýlega opnaði Matís svokallaða Matarsmiðju á Flúðum. Matarsmiðjan er áttunda starfsstöð Matís utan höfuðstöðvanna í Reykjavík. Áður hefur Matís byggt upp hliðstæðar smiðjur með góðum árangri á Höfn í Hornafirði og á Egilsstöðum.

Matarsmiðjur eru hugsaðar sem stuðningstæki við einstaklinga og smáfyrirtæki sem hyggjast þróa og framleiða íslenskar matvörur. Meðal verkefna er að hjálpa einstaklingum og fyrirtækjum við vörubrún og öflun tilskilinna leyfa til að mega hefja matvælaframleiðslu.

Matarsmiðjan á Flúðum er rekin af Matís í samstarfi við sveitarfélögin í upp-sveitum Árnassýslu, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Háskóla Íslands og er staðsett að Iðjúsólóð 1. Þar er m.a. aðstaða til kælingar, frýstingar, suðu, þurrkunar og niðursuðu svo nokkuð sé nefnt.

Tilgangur Matarsmiðjunnar er m.a. að efla smáframleiðslu matvæla á Suðurlandi með því að bjóða upp á aðstöðu, fræðslu og ráðgjöf að efla háskólamenntun og atvinnutækifæri í rannsóknum og vörubrún matvæla og tengdra greina.

Bakarasýning í Kaupmannahöfn



Samtök bakara og kökugerðarmanna í Danmörku og samtök hræfnabirgja fyrir bökunariðnað efndu til fagsýningar í Kaupmannahöfn um miðjan maí undir heitinu Scandinavian Bakery Fair. Sýningin var eingöngu opin fagfólki. Að sögn forsvarsmanna dönsku bakarasamtakanna voru þeir mjög ánægðir með aðsóknina og undirtektirnar sem sýningin fékk.

Stór hópur íslenskra bakara sótti sýn-



inguna og virtust menn almennt ánægðir með hana. Sýningarsvæðið var ekki stærra en svo að auðvelt var að komast yfir það og allt sem var til sýnis miðaðist við bakarí af þeirri stærð sem algengust er á Norðurlöndunum. Gróf brauð og vörur úr heilkorni voru mjög áberandi á sýningunni en einnig voru sætindi áberandi, t.d. mátti sjá að „cupcakes“ njóta mikilla vinsælda um þessar mundir.

Vistvænni borgir beggja vegna Atlantsála



Á ráðstefnunni CanNord 2011

komu fulltrúar Norðurlandanna og Kanada saman til þess að ræða þau stóru verkefni sem borgir landanna standa frammi fyrir í skipulags-, samgöngu- og orkumálum.

Dagskrá ráðstefnunnar samanstóð af fjölbreyttum fyrirlestrum og umræðum um vistvænar lausnir í málefnum borga á norðurslóðum. Þátttakendum var einnig boðið í heimsóknir til Torontoborgar, University of Toronto og Ontario Centres of Excellence.

Græn stefna Reykjavíkur kynnt

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar flutti erindi um stefnu Reykjavíkur í umhverfis- og orkumálum, þar sem hún fjallaði um loftslags- og loftgæðastefnu borgarinnar, orku-aðgerðaáætlun og markmið hennar í samgöngumálum.

Kanadamenn metnaðarfullir í umhverfismálum

Guðný Reimarsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska fyrirtækisins Econord sem framleiðir umhverfisvænar lausnir í sorpiðnaði tók þátt í ráðstefnunni sem fulltrúi Cleantech Iceland, nýstofnaðra samtaka íslenskra fyrirtækja sem vinna að þróun og markaðssetningu á grænni tækni. „Kanada er þroskaður markaður þegar kemur að umhverfisvænum lausnum. Stefna Kanadamanna er mjög metnaðarfull, þeir setja mikið fé í málaflokkinn og vilja sinna umhverfinu vel“, segir Guðný.

Það eru því mikil tækifæri á Kanada-markaði, ekki síst fyrir þá sem einnig hafa hug á landvinningum í Bandaríkjunum.

„80% af útflutningi Kanadamanna er til Bandaríkjanna þannig að ef áhugi er á því að komast inn á markaðinn þar má finna góða tengiliði og mikla reynslu í Kanada“, segir Guðný.

Endurskoðun ÍST 30

Umsagnarfrestur til 10. júní 2011



Vinnuhópur um endurskoðun ÍST 30 hefur lokið við gerð frumvarps að sjöttu útgáfu staðalsins. Frumvarpið var auglýst til umsagnar 7. apríl og umsagnarfrestur rennur út þann 10. júní. Því er enn tækifæri til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri við vinnuhópinn.

Vinnuhópurinn hefur lagt ríka áherslu á kynningu frumvarpsins á síðustu mánuðum og hvetur þá sem hagsmuna hafa að gæta til að kynna sér ítarleg innihald þess. Mikilvægt er að ná sem mestu sammæli um efni staðalsins.

Fyrir utan efnislegar breytingar var uppsetningu og röðun efnis í staðlinum breytt með það að leiðarljósi að efnið yrði í rökréttari röð en áður var.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að staðallinn skiptis í 6 kafla undir eftirfarandi heitum:

1. Gildissvið – skilgreiningar
2. Útboð og tilboð
3. Verksamningur
4. Verkframkvæmd
5. Greiðslur – Verðlagsákvæði
6. Vanefndir – Ágreiningsmál

Aðrar breytingar felast meðal annars í eftirfarandi:

- Endurskoðað orðalag og orðanotkun.
- Ný hugtök og aðferðir, svo sem „sameiginlegur rafrænn útboðmarkaður og gæðastjórnun.“
- Kveðið skýrar á um ýmis ákvæði og samskipti.
- Bætt inn hugtökum í skilgreiningarkafla.
- Samræming á skyldum (og réttindum) verkkaupa og verktaka.
- Skilgreint hvernig skuli fara með frávík frá ákvæðum staðalsins.
- Kaflar um verktryggingu, tíma-bundna stöðvun verks, vanefndir-riftun, og ágreiningsmál voru endurskrifaðir.

Athugasemdir og ábendingar óskast sendar til Arngríms Blöndahl. Frumvarpið að ÍST 30 fæst hjá Staðlaráði www.stadlar.is.

30 nemar setjast á skólabeck í stóriðjuskóla Fjarðaáls



Frá undirritun samstarfssamnings. Frá vinstri Olga Lís Gísladóttir, skólastjóri Verkmenntaskóla Austurlands, Stefanía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, Tómas M. Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi og Sigurður Ólafsson, fræðslustjóri Fjarðaáls.

Um þrjátíu nemendur hefja grunnnám í stóriðjuskóla Alcoa Fjarðaáls á hausti komanda til að afla sér fjölbreyttrar menntunar, sem mun nýtast í starfi og til frekari náms, auk þess sem námið hefur talsverða launahækkun í för með sér. Launahækkunar byggjast á væntanlegum kjarasamningum Alcoa við AFL og Rafiðnaðarsambandið. Stóriðjuskólinn er samstarfsverkefni Verkmenntaskóla Austurlands, Þekkingarnets Austurlands og Fjarðaáls. Starfsmenn sem unnið hafa

í þrjú ár hjá Fjarðaáli geta innritast í stóriðjuskólann. Störf í nútíma álveri eru bæði flókin og krefjandi, því er mikilvægt að starfsfólk byggji upp þekkingu, sjálfs-traut og hæfni til að ná hámarksárangri og styrkja þannig afkomu sína til framtíðar. Náminu er einnig ætlað að auka vinnuöryggi, auðveldla innleiðingu tæknibreytinga, framfara og til að þjálfa sam-skipta- og starfshæfni einstaklingsins. Nám við stóriðjuskólann fæst metið til eininga á framhaldsskólastigi.